

Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingardegi dóms þessa. Er ökuleyfissviptingin samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Matthías Friðþjófsson, greiði krónur 3.000.00 í sekt til rikissjóðs. Komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingardegi dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1965.

Nr. 82/1965. **María Kristmundsdóttir**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jónu Sigmundsdóttur og gagnsök

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Búskipti. Fjármál hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1965. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að fjárkrafa gagnáfrýjanda verði ekki tekin til greina við búskipti aðaláfrýjanda og Sigmundar M. Andréssonar. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. maí 1965. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og

málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur verið aflað nýrra gagna í málinu, en ekki er í ljós leitt, að neitt af fjárhæðum þeim, sem Sigmundur M. Andrússon tók út úr sparisjóðsbók gagnáfrýjanda á árunum 1962 og 1963 og mál þetta varða, hafi runnið til gagnáfrýjanda. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 6. apríl 1965.

Sóknaraðili máls þessa, Jóna Sigmundsdóttir, Gnoðarvogi 36, hefur krafizt þess, að hún fái greiddar kr. 185.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. júlí 1963 til greiðsludags úr félagsbúi Maríu Kristmundsdóttur og Sigmundar M. Andrússonar, en bú þetta er undir opinberum skiptum hér við embættið. Hún hefur og krafizt þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður vegna skiptaréttarmáls þessa.

Sigmundur M. Andrússon, sem er sonur sóknaraðilja, hefur samþykkt þessa kröfu að öllu leyti, en María Kristmundsdóttir hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið, og krefst hún enn fremur málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 4. marz s.l., en við nánari athugun var talið rétt, að endurupptaka færi fram til nokkru frekari gagnaöflunar. Að þeirri gagnaöflun lokinni, hinn 1. þ. m., var málið þegar í stað munnlega flutt á nýjan leik og síðan tekið til úrskurðar.

Það hefur komið fram í máli þessu, að þau María Kristmundsdóttir, nú til heimilis að Rauðagerði 10, og Sigmundur Magnús Andrússon, nú til heimilis að Gnoðarvogi 36, gengu í hjónaband 18. október 1958. Þau slitu samvistir 3. ágúst 1963 og hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, útgefnu 22. september 1964, sjá rskj. 11.

Samkomulag hefur ekki orðið um skiptingu eignanna, og var þeim ágreiningi vísað til aðgerða skiptaréttarins. Uppskrift á eignum þeirra fór fram dagana 16. og 24. október 1963. Auk húsmuna ýmissa komu fram við uppskriftina íbúð að Stóragerði 30, bíllinn R 624 og ½ fyrirtækið Geisli s/f. Vísast hér til rskj. 10.

Samkvæmt skattframtölum Sigmundar M. Andréssonar hefur hann keypt íbúðina að Stóragerði 30 fokhelda hinn 23. október 1961 fyrir kr. 250.000.00. Bíllinn R 624 keypti hann á árinu 1962 fyrir kr. 70.000.00, og Geisla, sem er fyrirtæki til að annast gerð bíóauglýsinga o. fl., hefur hann stofnað á árinu 1961, en síðan tekið annan í félag með sér þannig, að aðeins kemur til athugunar við skiptin hálf fyrirtækið.

Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 14. maí 1964, og var hún birt síðast í Lögbirtingablaðinu 6. júní s. á.

Hinn 16. júlí 1964 kom fram krafa Jónu Sigmundsdóttur um greiðslu á kr. 285.000.00 með 7% ársvöxtum frá 10. júlí 1963 til greiðsludags, og vísast til endurrits af þessari kröfulýsingu á rskj. 9. Með samþykki aðilja fékk Jóna greiddar kr. 100.000.00 af fé búsins hinn 29. október 1964, en frekari fjárheimtu var mótmælt af hálfu Maríu Kristmundsdóttur, og hefur skiptaréttarmál þetta síðan verið rekið um þann ágreining, en upprunaleg kröfugerð hefur lækkað sem svarar umgetnum 100.000.00 kr.

Sóknaraðili situr í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, sem andaðist á árinu 1962. Hún hefur skýrt svo frá, að hún hafi afhent syni sínum, Sigmundi, bankabók sína nr. 16060 við Verzlunarbankann og heimilað honum að taka út úr henni peninga eftir þörfum, en um lánskjör hafi ekki verið frekar rætt en gerist með skyldum, og hún kveðst enga skuldaryfirlýsingu hafa fengið frá Sigmundi. Hafi lán þetta gert Sigmundi kleift að koma upp þeim eignum, sem nú eru í búinu, en hún bendir á, að Sigmundur sé aðstoðargjaldkeri í Verzlunarbankanum og taki laun sem tíðkist í þeirri starfsgrein.

Hefur sóknaraðili lagt fram í málinu sem rskj. 3 ljósrít af 14 úttektarnótum úr sparisjóðsbók nr. 16060 við Verzlunarbankann, en samkvæmt vottorði bankans á rskj. 2 er hún skráð eigandi að bók þessari. Samkvæmt úttektarnótum þessum er Jóna Sigmundsdóttir eigandi bókarinnar, en Sigmundur M. Andrésson hefur tekið peningana út. Nótur þessar hljóða um samtals kr. 312.000.00 úttekt, og hafa úttektirnar farið fram á tímabilinu

4. september 1962 til 10. júlí 1963. Sóknaraðili segir, að Sigmundur hafi greitt skuld þessa niður í kr. 285.000.00, og eins og að framan segir, hefur sóknaraðili fengið greiddar af búinu kr. 100.000.00, þannig að krafa sóknaraðilja stendur nú í kr. 185.000.00.

Framtöl sóknaraðilja árin 1963 og 1964 hafa komið fram í málinu, sjá rskj. 12 og 13. Á framtali 1963 segir sóknaraðili Sigmund Andrésson skulda sér vaxtalaust lán, kr. 100.000.00, pr. 31. desember 1962, en á framtali 1964 er Sigmundur talinn skulda kr. 285.000.00 pr. 31. desember 1963, og þar eru vaxta-tekjur af því láni taldar kr. 21.600.00. Á hvorugu framtalinu er getið um sparisjóðsinnstæður, en sóknaraðili hefur í því sambandi upplýst, að maður sá, sem veitt hafi henni aðstoð við gerð framtalsins, hafi sagt, að ekki væri þörf á að tilgreina slík atriði í framtali.

Framtöl Sigmundar fyrir sömu ár, sem fram hafa komið í málinu, greina á sama hátt frá um lán þetta.

María Kristmundsdóttir hefur mótmælt kröfugerð sóknaraðilja, og segir hún kröfu þessa einberan tilbúning. Hafi Sigmundur ekki fengið þessa útteknu peninga til umráða, og þeir hafi ekki komið búinu til góða. Hún mótmælir skýrslum sóknaraðilja og samþykki Sigmundar á kröfunni sem röngum, vilhöllum og þýðingarlausum. Hún bendir á það misræmi, sem sé á úttektar-nótum og framtali sóknaraðilja og Sigmundar, og að öðru leyti mótmælir hún framtölum Sigmundar, sem greina frá þessari skuld, sem röngum, enda hafi hún ekki undirritað framtölin með honum. Og að öðru leyti einnig séu framtöl Sigmundar marklaus, þar eð þannig sé þar með tölug farið, að alls ekki geti staðizt, og af þeim verði ekkert ráðið, sem styðji þörf hans fyrir lán það, sem sóknaraðili nú krefst greiðslu á.

Rétt þykir að fara nokkuð út í framtöl Sigmundar M. Andréssonar árin 1962, 1963 og 1964, sbr. rskj. 6, 7 og 8. Samkvæmt framtali 1962 eru tekjur ársins taldar kr. 110.611.00. Á því ári hefur Sigmundur selt íbúð að Skaftahlíð 18 fyrir 255.000.00 kr., en keypt fohhelda íbúð á Stóragerði 30 fyrir kr. 255.000.00. Skuldir í árslok taldar kr. 300.000.00. Á framtali 1963 kveðst Sigmundur hafa haft tekjur kr. 117.628.00, en þar kveðst hann hafa keypt bíl fyrir kr. 70.000.00, greitt vegna Stóragerðis 30 kr. 19.800.00 og lagt í fyrirtækið Geisla s/f kr. 25.000.00. Skuldir pr. 31. desember 1962 eru taldar kr. 404.472.51, þar af skuld við sóknaraðilja, Jónu Sigmundsdóttur, kr. 100.000.00. Loks er

framtal 1964, og telur Sigmundur þar fram tekjur kr. 156.850.31. Hann segist hafa lagt í Geisla s/f kr. 120.000.00 og lagt í kostnað við innréttingu fasteignar kr. 93.101.91. Skuldir pr. 31. desember 1963 eru taldar nema samtals kr. 722.597.76, þar af skuld við sóknaraðilja kr. 285.000.00.

María Kristmundsdóttir hefur undirritað framtal 1962, en hin ekki, og hefur Sigmundur sagt, að hann hafi orðið svo seinn fyrir um gerð framtals 1963, að hann hafi ekki getað komið því við að fá undirskrift hennar, en hann segist hafa talið þýðingarlaust að reyna að fá undirskrift hennar undir framtal 1964, enda hafi hún ekki viljað við sig tala, eftir að hún yfirgaf heimili þeirra.

Það liggur fyrir í máli þessu, að Sigmundur M. Andrésson hefur tekið út úr sparisjóðsbók móður sinnar, sóknaraðilja máls þessa, alla þá fjárhæð, sem hún krefst endurgreiðslu á, og með hennar samþykki. Það hefur ekki verið leitt í ljós, að peningar þessir hafi gengið beint til sóknaraðilja eða að endurgreiðsla af hendi Sigmundar hafi síðar átt sér stað. Framtölum Sigmundar og sóknaraðilja ber saman um lánveitingu þessa, og samkvæmt hinu síðarnefnda framtali var sóknaraðili fjárhagslega fær um að veita lán þetta. Þeirri staðhæfingu sóknaraðilja og Sigmundar verður heldur ekki hafnað, að honum hafi verið brýn þörf á lánsfé á þessum tíma, en hann var þá að koma upp íbúð að Stóragerði 30, einnig keypti hann bíl og lagði grundvöll að Geisla s/f. Verður ekki komið hjá að úrskurða, að lánveiting þessi hafi átt sér stað.

En eftir atvikum þykir þó rétt að líta svo á, að María Kristmundsdóttir beri ekki ábyrgð á þessari skuld, með því að nýnefndar eignir verða, eftir því sem fram er komið í málinu, að teljast hjúskapareignir Sigmundar M. Andréssonar, en hún ber að sjálfsögðu enga ábyrgð á skuldum, sem stofnað hefur verið til beinlínis til þess að afla Sigmundi hjúskapareigna, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1923, enda ekki tekið á sig sérstaka ábyrgð á slíkum skuldum, svo séð verði. En henni ber að hlíta því, að þessi krafa, kr. 185.000.00, ásamt 7% ársvöxtum, sem reikna ber frá kröfufylsingardegi 16. júlí 1964 til 1. janúar 1965, en 6% frá og með þeim degi til greiðsludags, verði talin sérskuld Sigmundar við skipti á búi þessu, og verður hún að öðru leyti sýkn af kröfum sóknaraðilja í þessu máli.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Mariu Kristmundsdóttur ber að hlíta því, að fjárkrafa sóknaraðilja, Jónu Sigmundsdóttur, kr. 185.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 16. júlí 1964 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá og með þeim degi til greiðsludags, verði talin skuld Sigmundar M. Andréssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar, en að öðru leyti á hún að vera sýkn af kröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. desember 1965.

Nr. 6/1965.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

William Rawcliffe (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 6. október 1964 kærði skipherra varðskipsins Óðins ákærða fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðimarkna út af Vestfjörðum á togaranum Prince Philip, FD 400. Var togaranum stefnt til Ísafjarðar, þar sem hald var á hann lagt, jafnframt því sem rannsókn málsins hófst fyrir sakadómi. Ákæra á hendur ákærða var gefin út 7. október 1964. Hinn 8. s. m. krafðist verjandi ákærða þess, að togarinn yrði leystur úr haldi ásamt afla og veiðarfærum, en héraðsdómur hratt þeirri kröfu næsta dag með úrskurði, sem verjandinn kærði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961. Héraðsdómur í málinu var kveðinn upp 13. október 1964, og var honum samkvæmt ósk ákærða einnig skotið til Hæstaréttar. Með samþykki saksóknara ríkisins og verjanda ákærða voru mál þessi sameinuð fyrir Hæstarétti.